19. a) Sjómannaskólinn á St okkseyri.
Eftirrit af kafla úr sýslunefndarfundargjörð á Eyrarbakka 18.apríl 1895 um styrk til skólans ásamt athugasemdum Jóns Pálssonar.

b) Skýrsla um próf það, er haldið var í sjómannaskólanum á Stokkseyri 6. mai 1894 með hendi Jóns Pálssonar og undirritað af honum, Stokkseyri 6.mai 1894.

c) Lög fyrir Sjómannasjóð Árnessýslu. (Prentað)

Kafli úr sýslunefndarfundargjörð í Eyrarbakka 18. apr. 1895.

Eptirrit

....„um sjómannakenslu á Loptsstöðum, Stokkseyri og Eyrarbakka. Kensla þessi hefur á öllum þessum stöðum verið mjög vel sótt, þar sem nemendur hafa verið um 100. Þar af nokkrir utansýslu. Samþykt var að veita áfram sömu upphæð og áður, eða allt að 100 kr. til kenslu þessarar eptirleiðis, þó með því skilyrði, að ef kostnaðurinn verður meiri, þá leggi nemendur til eptir réttri tiltölu þann hluta sem fram yfir er. Oddvita (var) falið að fara þess á leit við sýslunefnd Rangárvallasýslu, að veita styrk til sjómannakenslu, þeim nemendum, sem eru úr þeirri sýslu og skal síðar taka ákvörðun um hvort þeir, ef sá styrkur fæst ekki, geti orðið aðnjótandi styrksins (þ: frá Árnessýslu).

Nefndin fól prestunum séra Ólafi Ólafssyni og séra Ólafi Helgasyni og Brynjólfi Jónssyni frá Minnanúpi umsjón kenslu þessarar. Prófdómendur voru valdir sr. Ólafur Helgason og sr. Ólafur Ólafsson“.

———— „ ———— „ ————

1. Ath. 1. Af fundargjörðunum sá ég, að árin 1893 – til 1897 (= 5 ár) hafði verið varið 100 kr. úr sýslusjóði Árnessýslu þessi ár (þó 1895, 120 kr.)
2. Kenslan hefur sennilega byrjað veturinn 1892 og þá án styrks (máske byrjað 1891), en áður styrkur var veittur, minnir mig að kenslan hafi verið ókeypis og að líkindum að mestu einnig eptir það: Styrkurinn farið til einhverra áhaldakaupa, húsaleigu e.þ.h.
3. Að ég byrjaði á þessari kenslu, fyrst á Stokkseyri og kom henni síðan á á Eyrarbakka og Loptsstöðum 1 eða 2 árum síðar, kom af því, að mér blöskraði að sjá sjómennina eyða tímanum við spil eða annan óþarfa dag eptir dag og viku eptir viku, jafnvel 3–4 vikna tíma í einni lotu, þegar ógæftirnar til sjáfarins stóðu svo lengi, eins og opt bar við. Mér virtist að þeir gætu varið tímanum eitthvað skynsamlegar, t.d. með þessu móti: Að gefa þeim kost á að njóta kenslu í einhverju því sem þeim mætti að gagni koma, og þeir voru fljótir að átta sig á þessu og fúsir til að sækja tímana.
4. Kenslugreinarnar voru aðallega reikningur og réttritun, en auk þess einnig danska og landafræði, en þeir voru fáir sem tóku þátt í þeim námsgreinum.
5. Enn er til prófskýrsla frá þessum árum (1894 eða 1895) og sýnir hún, að margir þeirra, sem urðu aðnjótandi þessarar

einfölld og ódýra kenslu, hafa [illegible] síðar og enn einn meðal okkar bestu manna, þeirra, er ólust upp í sveit og litillar eða jafnvel engrar annarar tilsagnar höfðu notið áður, enda hafa ýmsir þeirra látið þess við getið, að þeir eigi þessum fáu námsstund-um sínum margt gott að þakka og minnast þeirra og kennara síns jafnan síðan með miklu þakklæti

(Þeir, sem ég man eftir, að sóttu sjóm.skólann, voru m. a. þessir:
Einar Jónsson alþ.m. á Geldingalæk, Ól. Sigurðsson frá Langholti í Flóa
Jón Ólafsson fyrv. Rj. Reykjavík, Sigurður Hr. Adólf Adólfsson Stokkseyri
Ágúst Bjarnason Hróarsholti Bogi Ólafsson frá Sumarliðabæ.
Jón Guðnason fisksali Reykjavík Árni Sigurðsson, fræm. Hverfisg. 18. Hafnarfirði
Jón Adólfsson kaupm. Stokkseyri Þym. Guðmundsson verkstj. Barónsstíg, Reykjavík
Sig. Einarsson Reykjavík Matthías Jónsson, Skarði, Gnúpverjahr.
Guðjón Jónsson frá Syðraseli í Hrepp Jón Jónsson Hæringsst. — " — (drukknaði: 20/3 1897) (21 árs)
Magnús Magnúss. — Hólsárh. — " —
Jón Þórðarson — Gröf — " —
Vigfús Helgason — Tórfast. Bisk.
o. fl. o. fl. )

6. Ekki man ég hvort þessi kensla stóð þangaðtil ég fór af Eyrarb. 1902, en ég held að hún hafi árið eftir ekki farið fram þar eystra síðan.

2. Ath.s. Á þessum árum (líkl. 1892) stofnaði ég hinn svonefnda „Sjómannasjóð Árnessýslu". Hann er enn við lýði, en ekki starfræktur nú, ég held ekki síðan ég fór. Hann var stofn. í því skyni „að styrkja ekkjur og aðstandendur sjódrukknaðra manna í Árn.sýslu" og var um eitt skeið mjög mikil og almenn þátttaka í honum. Tillögin voru 1 fiskur af hverj-um hlut á vertíð hverri, en ýmsir lögðu miklu meira. Útborgun var ákveðin 5-föld við það sem hinn tryggði hafði lagt í sjóðinn, og var hann með tillögum, gjöfum o. s. frv. síðast er ég frétti orðinn nokkrar þús. króna

# Skýrsla

## yfir próf það, er haldið var á Sjómannaskólanum á Stokkseyri 6. mai 1894.

| Tala: | Nöfn: | Heimili: | Rjettritun | Reikningur | Aðall. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Ólafur Sigurðsson | Langholti | 5 1/3 | 5 2/3 | 5,50. |
| 2. | Kristján Jónsson | Tungufelli | 5. | 5 2/3 | 5,33. |
| 3. | Jón Jónsson | Minnanúpi | 5 1/3 | 5. | 5,17. |
| 4. | Sig. Kr. A. Kr. Adólfsson | Stokkseyri | 4 1/3 | 6 | 5,17. |
| 5. | Páll Stefánsson | Ásólfsstöðum | 5 2/3 | 4 2/3 | 5,16. |
| 6. | Guðni Þórarinnsson | Kervatnsstöðum | 4 2/3 | 5 1/3 | 5,00. |
| 7. | Vigfundur Helgason | Torfastöðum | 4 2/3 | 5 1/3 | 5,00. |
| 8. | Einar Gíslason | Egilsstöðum | 4. | 5 2/3 | 4,83. |
| 9. | Guðjón Jónsson | Syðraseli | 4. | 5 1/3 | 4,66. |
| +10. | Guðjón Jónsson | Tungufelli | 4 2/3 | 4 2/3 | 4,66. |
| 11. | Páll Líðsson | Hlíð | 4 2/3 | " | 4,66. |
| 12. | Þórður Þórðarson | Traðarholti | 4 2/3 | 4 2/3 | 4,66. |
| +13. | Ögmundur Guðmundsson | Ási | 5. | 4 1/3 | 4,66. |
| +14. | Guðni Árnason | Götu | 5. | 3 2/3 | 4,33. |
| 15. | Guðm. Snorrason | Lak | 4 1/3 | " | 4,33. |
| 16. | Jón Gíslason | Miklaholti | 4. | 4. | 4,00. |
| 17. | Sigurður Magnússon | Hamarsheiði | 4. | " | 4,00. |
| 18. | Þórarinn Snorrason | Lak | 4. | " | 4,00. |
| 19. | Jóhann Kr. Hafliðason | Bjarnastöðum | 3 1/3 | 4 1/3 | 3,83. |
| 20. | Eiríkur Eiríksson | Skálmholti | 3 2/3 | 3 2/3 | 3,66. |

Matthías Jónss. Skarði fór heim 8. f. m. veikur. Jón Ólafsson, Sumarliðabæ og Ólafur Bjarnason, Háholti voru fjarv. — Prófdómendur: sr. Ól. Helgason og Ísólfr Pálsson, organisti.

Stokkseyri, 6. mai 1894.

Jón Pálsson.

# LÖG

fyrir

**Sjómannasjóð Árnessýslu.**

1. gr. Sjóðurinn nefnist: Sjómannasjóður Árnessýslu.

2. gr. Sjóðurinn er stofnaður af gjöfum og tillögum, sem voru að upphæð 425 kr. 52 au. við árslok 1893.

3. gr. Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur, börn og aðra aðstendendur sjódruknaðra félagsmanna sbr. 7. gr., en félagsmenn eru allir sjómenn sem róa eða hafa róið í einhverri veiðistöð Árnessýslu, án tillits til, hvar þeir eiga heima, og greitt hafa að minsta kosti eins árs tillag til sjóðsins, sbr þó 5. gr.

4. gr. Árstillagið er 1 kr., er skal greitt fyrir miðjan maí ár hvert. Þó má hver félagsmaður hækka árstillagið eftir vild sinni, eða borga fyrir fleiri ár í einu

5. gr. Nú hættir einhver félagsmaður að borga árstillag sitt, og hefir hann þá fyrirgjört rétti þeirra, er að honum standa, til styrks úr sjóðnum. Þó á hann kost á að öðlast þann rétt aftur, ef hann borgar hin áföllnu árstillög.

6. gr Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í sparisjóði Árnessýslu.

7. gr Drukni einhver félagsmaður í sjó hér við land, skal konu hans, börnum, foreldrum eða fósturforeldr-

um, ef hann vinnur fyrir þeim, og sysktinum, álítist þau skyrksþurfar, greitt út sjóðnum fimmfalt það, sem hann hefir greitt í hann. Deyi einhver félagsmaður á landi eða drukni í vatni, skulu hinum sömu áðurnefndu aðstandendum greidd úr sjóðnum öll tillög hans vaxtalaus, hafi hann verið búinn að leggja 10 krónur eða meira í sjóðinn. Sjóðurinn er þó eigi skyldur að greiða nokkra upphæð fyr en 3 mánuðum eftir að stjórn hans hefur verið tilkynt látið. Látið skal tilkynna stjórn sjóðsins innan 6 vikna. Að öðrum kosti missast öll réttindi til sjóðsins Þó skal frestur þessi lengdur, ef það upplýsist, að eigi hafi verið unt að tilkynna látið innan hins ákveðna tíma.

8. gr. Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, nl. formaður, aðalgjaldkeri og skrifari. Stjórnin er kosin til eins árs á aðalfundi og hefir aðsetur sitt á Eyrarbakka. Stjórnin kýs undirgjaldkera í hverri veiðistöð í sýslunni.

9. gr. Undirgjaldkerar taka hver í sinni veiðistöð við árstillögum, gjöfum o s. frv., og greiða síðan aðalgjaldkera. Þeir skulu halda bók yfir félagsmenn í veiðistöðinni og rita í hana nöfn félagsmanna, stöðu, heimili, og ástæður (t. a. m. hvort giftir og eiga börn), og hve mikið þeir borga í sjóðinn í hvert skifti. Þeir skulu og í hvert skifti skrifa upphæðina í viðskiftabók félagsmanna og rita nafn sitt undir.

10. gr. Aðalgjaldkeri tekur við innborgunum frá undirgjaldkerum og kemur þeim á vöxtu og semur aðalreikninga félagsins fyrir nýár hvert.

11. gr. Stjórnin vinnur kauplaust, en endurgoldinn skal henni allur kostnaður, svo sem ritfæri, bækur o s. frv. eftir reikningi. Allir búsettir félagsmenn í eða í nánd við veiðistöð í Árnessýslu er skyldir að taka við kosningu að minsta kosti 3 ár.



12. gr. Aðalfund skal halda á ári hverju á sunnudegi frá 1. til 28. dags febrúarmánaðar; skal hann boðaður með boðsbréfi í hverri veiðistöð öllum þeim, sem hafa lagt í sjóðinn. Á honum skýrir formaður frá því, sem gerst hefir árið sem leið, en aðalgjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins. Fundurinn leggur úrskurð á þá. Fundurinn skal haldinn á Eyrarbakka. Sé ófært þann sunnudag, skulu undirgjaldkerar boða fundinn til næsta sunnudags á sama hátt.

13. gr. Á aðalfundi skal kjósa 2 endurskoðunarmenn; skulu þeir endurskoða reikninga félagsins og hafa lokið því fyrir aðalfund næsta ár.

14. gr. Aukafundi skal formaður kalla saman á Eyrarbakka á sunnudögum á vertíðinni, þegar minst 50 félagsmenn krefjast þess, eða stjórninni þykir þess þörf.

15. gr. Fundirnir hafa æðsta vald og skera úr öllum ágreiningsatriðum. Á fundinum hafa félagsmenn einir atkvæðisrétt, og ræður meiri hluti atkvæða. Utanfélagsmenn, sem styrkja sjóðinn með minst 2 króna árstillagi eða gefið hafa til hans 10 krónur eða meira, skulu eiga málfrelsi á fundum.

16. gr. Lögum þessum má breyta, ef aðalfundur ákveður svo, og ræður þar afl atkvæða.

Ísaf.prsm.